



Reykjavík, 21. maí 2024

MSS23060018

ep

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Samráðsvettvangur um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar 2024, tillögu um að stofna samráðsvettvang um forvarnir gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna.

Starfshópur hefur verið skipaður og eru verkefni hans að auka þverfaglega samvinnu á sviði forvarna gegn ofbeldi meðal barna.

Óskað er eftir að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð staðfesti meðfylgjandi erindisbréf samráðsvettvangs um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:
Erindisbréf



Reykjavík



Reykjavík, 21. maí 2024

MSS23060018

ERINDISBRÉF

Samráðsvettvangur um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi

Ábyrgðarmaður: Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri

Inngangur:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar 2024, tillögu um að stofna samráðsvettvang um forvarnir gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og samræma þá vinnu. Greina áskoranir og efla upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem vinna gegn forvörnum gegn ofbeldi meðal barna og ungmenna og eru í þjónustu við þann hóp. Lögð verði áhersla á þverfaglega samvinnu stofnana og grasrótarsamtaka sem tengjast málefnum barna.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Auka þverfaglega samvinnu á sviði forvarna gegn ofbeldi meðal barna.
- Kortleggja hvar þörfin fyrir aðgerðir er mest.
- Greina hvernig Reykjavíkurborg getur mætt þörfum barna og foreldra betur.
- Samræma aðgerðir þeirra aðila sem koma að málaflökknum.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Magnús Davíð Norðdahl formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs

Óskar Dýrmundur Ólafsson frá velferðarsviði.

Eva Rós Ólafsdóttir frá Berginu.

Ragnheiður Inga Davíðsdóttir frá samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

Dagný Gunnarsdóttir frá Barna- og fjölskyldustofu.

Þóra Jónasdóttir frá Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Jenný Ingudóttir frá embætti landlæknis.

Eva Karen Jóhannsdóttir og Alda Ricart frá Samtökum íslenskra framhaldsskólanema.

Eygló Harðardóttir frá Ríkislögreglustjóra.

Sigríður Nanna Heimisdóttir og Kári Sigurðsson frá skóla- og frístundasviði.

Ída Björg Unnarsdóttir frá Barnaheill.

Sævar Jökul Björnsson og Sóley Dögg Hafbergsdóttir frá Barnavernd.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Guðrún Elsa Tryggvadóttir frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.



Reykjavík

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Til ráðgjafar verði kallaðir til eftirfarandi aðilar: Stígamót og Samtökin 78.

Starfshópurinn vinnur hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leitar einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil:

Hópurinn er skipaður til 31. september 2025 og skal hlutverk og skipan endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Þá skilar hópurinn skýrslu um störf á tímabilinu.

Fundir samráðsvettvangsins eru haldnir ársfjórðungslega.

Samþykkt á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 23. maí 2024

DRÖG

